

VEIÐIMÁLASTOFNUNIN

Finnur Garðarsson

FISKIFRÆÐILEGAR ATHUGANIR í
TUNGUFLJÓTI, V-SKAFTAFELLSSÝSLU.

Reykjavík
1983

EFNISYFIRLIT

	bls.
I Inngangur	1
II Aðferðir og gögn	2
III Niðurstöður og ályktanir	3
3.1. Botngerð Tungufljóts frá Hrossafossi niður að þjóðvegsbrú	3
3.2. Leiðni- og hitamælingar	7
3.3. Niðurstöður rafveiða	8
3.4. Aldurgreiningar á hreistri og veiddum laxi og sjóbirtingi/urriða	11

HEIMILDIR

I INNGANGUR

Dagana 16.- 17. ágúst s.l. voru gerðar á vegum Veiðimálastofnunar seiðarannsóknir i Tungufljóti. Hér var um að ræða frumkönnun, þar sem slikar rannsóknir hafa ekki verið gerðar í ánni. Þá var botngerð árinnar skoðuð með tilliti til uppeldisskilyrða fyrir lax og silungsseiði frá Hrossafossi og niður að brú við bæinn Hemru eða ca. 12 km. kaflí. Við þjóðvegarbrú rennur áin á finum sandeyrum og skammt fyrir neðan renna jökulámar, Eldvatn og Hólmsá í sama farveg og mynda Kúðafljót.

Tungufljót er hrein dragá, 33 km. að lengd og vatnasviðið nær yfir 182 km^2 .

(Orkustofnun, Vatnamælingar 1969). Upptök árinnar eru í Svartahnúksfjöllum og í hana fellur fjöldi smárra áa og lækja. Að sögn kunnugra er áin fiskgeng að Bjarnarfossi, sem er ca. 4 km. fyrir ofan þjóðvegarbrú, en ca. 1/2 km. ofar eru flúðir þar sem áin breiðir úr sér á hrjúfri klöpp. Þar er áin 50 - 70 m. breið og seytlar niður flúðirnar með jöfnu rennsli yfir allar flúðirnar, sem eru 2 - 3 m. háar og eru þessar flúðir örugglega ófiskgengar.

Veiðin í Tungufljóti hefur aðallega samanstaðið af sjóbirtingi og bleikju, en lax hefur einnig veiðst í litlu magni frá formu fari.

Skráð árleg stangarveiði á tímabilinu frá 1976 - 1983 var eftirfarandi:

	76	77	78	79	80	81	82	83
Lax	14	34	43	74	40	16	20	
Sjóbirtingur	306	179	97	173	185	76	89	
Bleikja	237	208	96	64	40	59	156	

Sjóbirtingurinn hefur aðallega veiðst á vorin, þegar hann er að ganga til sjávar (vorveiðin) og svo þegar hann gengur úr sjó seinni part sumars og á haustin. Sem kunnugt er dvelur sjóbirtingur aðeins 8 - 10 vikur í sjó á sumrin. Yfir hásumarið má því segja að dauður timi sé í veiðinni að því er sjóbirting varðar.

Því má't telja eðlilegt að menn hafi viljað brúa það bil með því að reyna að rækta lax, þar sem göngutími hans er meira og minna yfir allt veiðitímabilið. Undanfarin ár hefur veiðifélagið staðið fyrir sleppingum laxaseiða í Tungufljót. Eftirfarandi magni laxaseiða hefur verið sleppt í Tungufljót frá 1975 skv. upplýsingum frá Sigvalda Jóhannessyni, formanni veiðifélagsins og Þóri Kjartanssyni, Vík í Mýrdal:

- 1975 25 þús. sumaralin frá Laxalóni.
- 1976 3 þús. gönguseiði " "
- 1977 24 " sumarseiði frá Vík og 2500 gönguseiði frá Kollafirði.
- 1978 57 " " " "
- 1979 15 " " " "
- 1980 18 " " " "
- 1981 Engar seiðasleppingar.
- 1982 6 - 8 þús. sumarseiði frá Vík, sleppt í Kálfá, Brunná og læki við Úthlíð.
- 1983 4 þús. sumarseiði frá Vík, sleppt á svæðið frá Ljótarstöðum og niður fyrir brú við Snæþýli.

Samkvæmt upplýsingum heimamanna um þessar sleppingar, verður að telja að ekki hafi verið nágu vel staðið að þessum sleppingum að undanskildum sleppingunum "82 og "83. Verður nánar vikið að því siðar hvernig og hvar sleppa eigi seiðum.

II AÐFERÐIR OG GÖGN.

Seiðarannsóknir fóru þannig fram að veitt var með rafmagnsveiðitæki, ákveðið flatarmál á hverri veiðistöð, alls 7 stöðvar. Rafveiðitæki samanstendur af 500 W bensínrafstöð, spennubreyti og 2 rafskautum. Tækið vinnum þannig að veiðimaðurinn heldur á aktífa skautinu sem er ca. 1 1/2 meters stafur sem er tengdur rafstöðinni með ca. 30 m. rafmagnssnúru, en passífa skautið liggur á árbotninum. Þegar þrýst er á rofa á stafnum myndast 0,1 - 0,5 amp. raf-

straumur milli skautanna allt eftir rafleiðni vatnsins, með ca. 300 v. spennu. Seiði sem eru í ca. 1 meters radius dragast að + skautinu sem veiðimaðurinn heldur á og lamast á meðan þau eru í rafsviðinu. Fiskurinn er síðan háfaður upp í fötur. Aðeins hluti seiða veiðast í hverri yfirferð og til að fá mat á seiðapétteika, þarf helst að fara 2 - 3 veiðiyfirferðir. Þar sem mjög lítið af seiðum veiddust var einungis ein veiðiyfirferð farin á hverri stöð, auk þess sem tímí var af mjög skornum skammti. Rafveiðarnar gefa upplýsingar um hlutfallslegan fjölda seiða á hverjum stað, tegunda- og aldurssamstningu auk þess sem þær sýna vöxt milli ára. Eldri seiði eru aldursgreind eftir kvörnum og hreistri, en vorgömum seiði þekkjast auðveldlega á lengdardreifingu.

III NIÐURSTÖÐUR OG ALYKTANIR.

3.1 Botngerð Tungufljóts frá Hrossafossi og niður að þjóðvegsbrú.

Hrossafoss er í 4 stöllum, sá neðsti er hæstur 4 - 6 m. hár. Undir þeim öllum eru hylir og tel ég að engin afföll yrðu á seiðum sem færur niður fossinn ef út í það færi að sleppt yrði seiðum ofan fossins. Ekki reyndist tímí til að skoða ána ofan Hrossafoss að þessu sinni, en að sögn kunnugra fellur áin að stórum hluta í gljúfrum og mikið er af fossum og flúðum. Samkvæmt því eru ekki vænleg uppeldisskilyrði fyrir seiði ofan fossins. Fyrir neðan Hrossafoss tekur við ca. 40 - 60 m. djúpt gljúfur. Áin sker sig þar í gegnum gljúp móbergsjarðlög. Botninn samanstendur af móbergsklöpp, móbergshnullungum og minna grjóti og viðast hvar er sandur sem fyllir uppi á milli steina. Straumur er allikill á köflum og skiptast á flúðir og oft langir og djúpir hylir. Gláfrið er ca. 1 1/2 km. að lengd, meðalbreidd árinnar er þar ca. 10 - 15 m. og uppeldisskilyrði eru almennt rýr fyrir seiði á þessum kafla. Þegar gljúfrinu sleppir, breiðir áin meira úr sér og rennur hún þá á sandbornum malareyrum með meðalgrófu grjóti og finni möl í bland. Frá því gljúfrinu sleppir og niður undir Ljótarstaði er áin 15 - 20 m. breið. Botninn er í finna lagi til að teljast


verulega gott búsvæði fyrir laxaseiði auk þess sem sandurinn rýrir það. Bitmýs- og rykmýslirfur sáust á steinum án þess að þéttleiki væri mikill. Heillegasta uppeldissvæði fyrir lax og urriðaseiði er á þessum árhluta, frá klapparflúðum við Ljótarstaði og ca. 1 1/2 km. upp ána. Á milli Ljótarstaða og Snæbýlis rennur áin öll á fremur fingerðum malareyrum, grjótstærð yfirleitt ekki stærri en 10 cm. og kvislast viða í 2 - 3 kvislar. Þessi kafli er ca. 2 km. langur og eru uppeldisskilyrði samsíleg fyrir smáseiði, en of finn fyrir stærri seiðin. Frá Snæbýli rennur áin í gili, breiðir þar úr sér og er frá 30 - 60 m. breið í efri hluta gilsins. Viða er móbergsklöpp og breið brot með malarbotni. Áin hefur mjög svipaða botngerð á kaflanum frá Snæbýli niður að Titjufossi eða á ca. 2 km. kafla. Áætla ég að ca. 30% þessa svæðis mætti nýta til seiðauppeldis. Titjufoss er 5 - 6 m. hár og hríslast niður af móbergsklöpp. Vestari hluti fossins fellur á klöpp að hluta, en annars er djúpur hylur undir. Seiðaafföll yrðu væntanlega hverfandi lítil í fossinum. Fyrir neðan Titjufoss er áin í djúpi gili á ca. 3 km. kafla. Í gilinu rennur áin í straumhörðum flúðum með djúpum hyljum á milli. Sérkennilegar móbergsmýndanir eru viða í gilinu, skessupottar á við og dreif. Þegar neðar dregur grynnkar gilið og áin breiðir úr sér og verður ca. 30 m. breið með fingerðum malarbotni og straumur í meðallagi. Áin beygir til austurs, beint suður af bænum Borgarfelli rúmum km. ofan Bjarnarfoss og ca. 1/2 km. neðan eru breiðar ófiskengar flúðir eða fossar, sem áður er minnst á, 60 - 70 m. breiðar. Þar fyrir neðan er nokkur hundruð m. langt, þróngt og djúpt gljúfur. Neðst í því verður áin mjög þróng (30 - 40 cm) og djúp (Stangarhlaup). Skammt þar fyrir neðan er Bjarnarfoss, sem kunnugir segja að sé ófiskengur, þó væntanlega ekki vegna hæðar hans (ca. 1 1/2 m.), heldur vegna þess að farvegurinn niður er þróngur og mjög straumharður. Fiskengi hlutinn frá Bjarnarfossi er almennt rýr til seiðauppeldis. Stórgrýti er aðeins á blettum, rétt fyrir neðan Bjarnarfoss. Hrygningarskilyrði á fiskenga hlutanum eru viðast góð. Annars samanstendur botnin af fingerðri, oft sandblendinni möl og verður finni eftir því sem neðar dregur og neðsti kaflinn frá því rétt ofan þjóðvegarbrúar og niður að áramótum jökulánna nánast hreinn sandbotn.

Samantekt á áætluðum nýtanlegum uppeldissvæðum frá Hrossafossi og niður að Bjarnarfossi

fossi (gróft reiknað): Frá Ljótarstöðum og ca. 1 1/2 km. uppeftir, ca. 27000 m². Milli Ljótarstaða og Snæbýlis, öllu rýrarásvæði ca. 20000 m². Frá Snæbýli niður að Titjufossi ca. 25000 m². Skástu svæðin milli Titjufoss og Bjarnarfoss ca. 25000 m² alls ca. 96000 m². Í læki og þverár, t.d Kálfa, mætti sleppa, þar sem sýnt hefur verið fram á góðan árangur á slikum stöðum. Með því að dreifa sumaröldum seiðum á þessa kafla í þéttleika sem nemur 2 seiðum á hverja 10 m² mætti setja ca. 19000 seiði. Þessar tölur ber ekki að taka bókstaflega, heldur ber að líta svo á að þær gefi samsílega hugmynd um ræktunarmöguleika árinna. Best væri að fá seiði af stofni árinna, ef þess er nokkur kostur.

Í Hrútarfjarðará hafa tilraunir með sleppingar sumaralinna seiða fyrir ofan fossa gefið til kynna að bestur árangur fáist með því að dreifa seiðum í þéttleika sem nemur 3 - 5 seiðum á hverja 10 m². Í Tungufljóti eru hins vegar uppeldisskilyrði mun lélegri vegna þess hversu botninn er yfirleitt fingerður, þannig að ég hef áætlað hentugan þéttleika öllu minni, eða ca. 2 seiði pr. 10 m². Ef við gefum okkur þær forsendur að 50% afföll verði á þessum seiðum á ári hverju og að þau nái göngubroska á 3 árum, ættu ca. 2400 gönguseiði að ganga til sjávar. Með 20% endurheimtum úr sjó eftir 1 ár í sjó, sem sýnt hefur fram á með villt seiði, ættu um 470 laxar pá skila sér í ána, en þar sem vantanlega mundi einhver hluti skila sér eftir 2 ár í sjó, yrði sá hluti fyrir enn frekari afföllum, þannig að öllum þessum forsendum gefnum, mundu því ca. 400 laxar skila sér í ána. Ef ca. 30% þeirra mundi veiðast, sem ekki er óraunhæft skv. reynslu t.d. úr Elliðaánum, mundi þá þessi 19000 smáseiði gæfa af sér í veiði ca. 120 laxa 4 - 5 árum eftir sleppingu. Verð á 19000 sumaröldum seiðum var sumarið "83 kr. 5 pr. stk. eða alls 95000 kr. án flutnings- og dreifinarkostnaðar og verða því menn að meta hvort slikar frambærdir mundu borga sig eða ekki. Að það er einnig að líta, að 300 laxar sem eftir yrðu á fiskgenga hlutanum mundu ekkert nýtast ánni vegna rýrra uppeldisskilyrða og mætti því hugsanlega nýta þennan fisk frekar með ádrætti eða netaveiði ef undanþága fengist frá yfirvöldum. Allar þessar tölur ber að taka með ákveðnum fyrirvara, en ég tel þær samt ekki fjarri sanni. Það sem hafa ber í huga við sleppingu sumaralinna seiða er í fyrsta lagi að dreifa verður seiðunum vel, vegna þess að þau dreifa sér mjög

N
↑



Mynd 1. Tungufljót í V.- Skaftafellssýslu.

Rafveiðistaðir merktir 1 - 7.

litið, sérstaklega fyrsta árið. Dreifa ber á vel grýttan botn, með meðal straumhraða, ekki á klapparbotn og ekki í lygna hluta. Ef dreift er of þétt verða afföll mun meiri og vöxtur minni, vegna samkeppni um fæðu og pláss. Í öðru lagi á að sleppa þegar árnar eru orðnar sәmilega hlýjar, 6 - 8 gráður en ekki of seint, t.d í byrjun júlí, þannig að seiðin nái að aðlaga sig ánni og ná sér á strik i vexti fyrir veturinn. Gönguseiðasleppingar tel ég lakari kost, bæði vegna þess, hversu dýr gönguseiði eru (22 kr. pr. stykki "83) og vegna fremur lélegs árangurs hingað til. Sleppingar gönguseiða í ár virðast mjög vandasamar og verður að standa mjög vel að þeim, ef árangur á að ná st.

3.2 LEIÐNI OG HITAMÆLINGAR.

Leiðni er mælikvarði á magn uppleystra efna. Einingin er vénjulega gefin upp miðað við 25°C , $(\text{H}_{25} \mu\text{s} \cdot \text{cm})^{-1}$. Þeim mun hærri tala, því hærri leiðni og þar af leiðandi meira af uppleystum efnum. Framleiðni vatnsfalla ræðst af magni uppleystra efna. Bæði svifþörungar og áfastir botnþörungar nærast á uppleystum næringarefnum í vatninu með aðstoð sólarljóss (frumframleiðendur). Ýmis botndýr t.d bitmýs, rykmýs- og vorflugulirfur nærast á frumframleiðendum með því ýmist að skrapa þá af steinum eða sía þá úr vatninu (1. stigs neytendur). Þessi botndýr eru aðalfæða laxfiskaseiða í straumvötnum hérlandis (2. stigs neytendur). Því ráðast fæðuskilyrði seiða að verulegu leiti af leiðni. Aðrir þættir spila hér inn í, svo sem botngerð, en grýttur botn eykur yfirborð botnflatarins og veitir seiðum skjól. Hæfilegt straumlag er einnig mikilvægur þáttur. Öll dýr straumvatna eru aðlöguð straumi með sérstakri straumlinulaga líkamsbyggingu. Af laxfiskum þrifast laxaseiði best við straumhraða frá 0,3 - 1 m/sekol. Bleikju- og urriðaseiði þurfa minni straumhraða. Hitastig ákvarðar síðan vaxtarhraðann, svo fremi sem fæða sé ekki takmarkandi þáttur.

Leiðni og hitastigsmælingar gerðar í Tungufljóti 16 - 17 ágúst "83 voru eftirfarandi:

<u>Staður.</u>	<u>$H_{25} (\mu S \cdot cm^{-1})$</u>	<u>T° C</u>	<u>Tími dags.</u>
Anóts við Ljótarstaði	69,3	6,6	11 ²⁵
Við Snæþýli	68,2	8,0	12 ⁵⁰
1 Km. f.n.			
Titjufoss	78,6	8,2	21 ⁰⁰
600 m.f.o.			
Bjarnarfoss	68,1	6,4	22 ⁰⁰


Sem dæmi má nefna að leiðni í Elliðaánum er á þilinu 70 - 80 einingar ($\mu S \cdot cm^{-1}$) við 25°C). Því má segja að magn uppleystra næringarefna í Tungufljóti sé ekki dragbitur á frumframleiðni árinnar.

3.3 NIÐURSTÖÐUR RAFVEIÐA.

Lengdar og aldursdreifing veiddra lax- og urriðaseiða er sýnd á mynd 2. Meðal-lengdir sömu seiða eru sýndar í töflu 1. Eins og glöggt má sjá, veiddust mjög fá seiði á fiskgenga hlutanum og sérstaklega er eftirtektarvert hversu lítið veiddist af stórum seiðum. Milli Titjufoss og Bjarnarfoss fundust eingöngu fá urriðaseiði, 1 og 2 ára, en vöxtur þeirra er góður. Þessi urriðaseiði eru af-kvæmi staðbundins urriða sem ekki gengur til sjávar. Á fiskgenga hlutanum var veitt á tveimur stöðum, annars vegar 600 m.fn. Bjarnarfoss, þar sem botn er stórgryttur og skilyrði ættu að vera góð fyrir stór seiði. Þar fengust einungis 2 laxaseiði, bæði 2 ára á stöðarbilinu 11 - 12 cm. sem bendir til þess að laxa-seiði nái göngubroska á 3 árum, sem er talinn góður vöxtur hér á landi. Þá fékkst 1 urriðaseiði 7,9 cm. sem var 1 árs.

A móts við Úthlíð var veitt á finum malarbotni og þar var greinilega hrygningar-staður, því þar fengust bæði lax- og urriðaseiði, sem komið höfðu upp úr mölinni um sumarið (frá hrygningu "82").

A sleppistöðum var annars vegar veitt við Ljótarstaði, þar sem sleppt var summar-öldum laxaseiðum í sumar og hins vegar í Kálfá, þar sem summaröldum laxaseiðum var



Tafla 1.

Méðallengd (i cm) veiddra laxa - og urriðaseiða í hverjum aldurshóp frá 16 g 17. ágúst 1983 í Tungufljóti. Fjöldi veiddra seiða innan sviga. * = eingöngu sleppiseiði.

<u>Veiðistaður.</u>	Teg.	Aldur		
		0+	1+	2+
Nr 1. 400 m ² Við Ljótarstaði	L	6,3 (51) *		
	U			
Nr 2. 144 m ² Við Snæþýli	L	6,0 (2) *		
	U			
Nr 3. 444 m ² 1 km f.n. Titjufoss	L			
	U		7,3 (2)	
Nr 4. 450 m ² 600 m f.o. Bjarnarfoss	L			
	U		7,9 (6)	11,3 (1)
Nr 5. 150 m ² 100 m. f.n. Bjarnarfoss	L			11,0 (2)
	U		8,3 (1)	
Nr 6. 40 m ² Á móts við Óthlið	L	3,0 (25)		
	U	4,1 (51)		
Nr 7. 54 m ² Kálfá 500 m f.o. ás	L	7,8 (18) *		
	U	4,3 (2)		

sleppt í fyrrasumar. Á báðum þessum stöðum koma sleppingar vel út. Við Ljótarsstaði höfði seiðin náð 6,3 cm. meðallengd (0+) og í Kálfá var meðallengd 1 árs seiða 7,8 cm. Það vekur athygli að ekkert bleikjuseiði veiddist þrátt fyrir að talsvert veiðist af bleikju í ánni, en ég verð að álykta að ég hafi ekki hitt á þá staði í ánni þar sem bleikjuseiði halda sig, fremur en að hrygning bleikju fari þar ekki fram. Hins vegar má benda á það að vitað er að bleikja getur haft veturstöðvar í einni á, en hrygnt í annari. Ef um slikt er að ræða í þessu tilviki ættu einungis geldbleikjur að veiðast í fljótinu. Alyktanir sem draga má af niúurstöðum rafveiðanna eru helst þær, að lítið virðist komast upp af eldri seiðum og er þær um að kenna of finum botni. Vitað er að stærri seiði þurfa meðal - og stórgrýttan botn til að geta þrifist. Vel kemur því til greina að aka grjóti í ánni á fiskgenga hlutanum, til að bæta uppeldisskilyrði fyrir eldri seiði. Það yrði síðan að koma í ljós hvort grjótið mundi grafast niður með tímanum eða það yrði varanleg framkvæmd, sem þá yrði verulega góð ræktunar- aðgerð.

3.4 .

Aldursgreining á hreistri af veiddum
lax og sjóbirtingi/urriða.

Fengnar voru hreistursprufur hjá veiðimönnum af 4 urriðum veiddum í Stangarhlaupi 15. ágúst þ.e.a.s. fyrir ofan Bjarnarfoss. Með hreistursskoðun kom í ljós að allir urriðarnir voru staðbundnir, þ.e. enginn þeirra hafði gengið í sjó, sem rennir stoðum undir það álit manna að Bjarnarfoss sé ófiskgengur og einungis sé staðbundinn urriði þar fyrir ofan. Aldur urriðana var eftirfarandi:

Lengd (cm)	Kyn	Aldur (ár)
38,0	hr	5+
38,5	hr	6+
40,5	hæ	6+
52,0	hæ	8+

Vöxtur þessara fiska verður að teljast allgóður og er óliklegt að þeir nái slikum vexti eingöngu á skordýra- og öðru smáæti úr ánni, heldur er líklegt að þeir hafi einnig drýgt matseðilinn með seiðaáti (kannibalismi).

Þá voru aldursgreind innsend hreisturssýni af 11 veiddum lökum og 18 hreistursýni af veiddum sjóbirtingi/urriða og fylgja niðurstöðurnar á meðfylgjandi hreistursýnablöðum. Í ljós kemur að 8 laxar af 11 höfðu gengið út sem 3 ára gönguseiði, 2 sem 2 ára gönguseiði og 1 sýnið reyndist ólæsilegt. Þetta verður að teljast mjög góður vöxtur, en ógjörningur er að fullyrða hvort hér sé um árangur smáseiðasleppinga að ræða eða ekki. 8 fiskar af 11 voru eins árs úr sjó og 3 tveggja ára, sem er svipað hlutfall og gerist í öðrum ám á suður og suðvesturlandi.

Lestur sjóbirtings/urriða hreistursins sýndi að allir fiskarnir voru sjögengnir. Aldur við sjógöngu var frá 2 - 6 árum en langflestir höfðu gengið í fyrsta sinn til sjávar 3 ára. Unnt var að bakreikna lengd 7 sjóbirtingsseiðanna við fyrstu sjávargöngu (eingöngu þeirra fiska sem lengd var uppgefin á) og reyndist hún vera frá 13,6 - 25 cm, flestir voru yfir 20 cm, eða mun lengri en laxagönguseiði eru að jafnaði. Kemur þetta heim og saman við lengd sjóbirtingsgönguseiða t.d. í Noregi. Þessir fiskar höfðu farið frá einu sinni (þeir minnstu) til átta sinnum (sá stærsti) í sjó í ætisferðir, en dvalartíminn í sjónum er sem fyrr segir talinn vera 8 - 12 vikur í hvert skipti yfir sumartímann.

Heimild: Orkustofnun, Vatnamælingar 1969. Vatnasvið Íslands. Reykjavík 92 bls.

VEIDIMÁLASTOFNUNIN PÓSTHÓLF 754 - 101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall, Tungufljót, V - Skaftafellss.

Fisktegund: Sjóbúrridi

Sendandi... Sigvaldi Jóhannesson,.....

Fjöldi sýna: 18

Hemru, V - Skaftafellss.

Veldiár: 19.8.3

VEIDIMÁLASTOFNUNIN PÓSTHÓLF 754-101 REYKJAVÍK

HREISTURSÝNI

Vatnsfall: Tunqufljót, V - Skaft.

Fisktegund: Lax.....

Sendandi: Sigvaldi Jóhannesson.

Fjöldi sýna: 11

Veldiár: 1983.